

EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli
Keflavíkurflugvelli
235 Keflavíkurflugvöllur

Reykjavík, 19. febrúar 2021
UST202006-334/S.I.
08.06.01

Efni: Ákvörðun Umhverfisstofnunar vegna útgáfu starfsleyfis fyrir EBK ehf.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar EBK ehf. um starfsleyfi fyrir rekstur olíubirgðastöðvar sinnar, Fálkavelli 8.

Starfsleyfi þetta er gefið út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá ákvörðun Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Endanleg ákvörðun um rúkkun viðbótargjalds vegna vinnslu starfsleyfis hefur ekki verið tekin. Þegar hún liggur fyrir eftir útgáfu leyfisins mun EBK ehf. verða gefinn kostur á að gera koma fram með andmæli áður en endanlega verður tekin ákvörðun um innheimtu.

Hjálagt er starfsleyfið og í því er greinargerð vegna útgáfu þess. Efni starfsleyfisins mun verða aðgengilegt á heimasíðu Umhverfisstofnunar <http://www.umhverfisstofnun.is/>.

Virðingarfyllst

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sviðsstjóri

Sigurður Ingason
sérfræðingur